

Dreifingar- og sölukostnaður hækkað úr 48% í 100%:

Milliliðirnir einir sem græða á frelsinu

— segir Sveinberg Laxdal kartöflubóndi

„Parna er þetta margumtalaða frelsi á ferðinni. Við kartöflumframleiðendur höfum ekki fengið nema um 14% hækkun á þeim tveim mánuðum sem Tíminn segir smásöluverð hafa hækkað um 28%. Og athugaðu það, að á meðan fasta verðlagskerfið var í gildi þá var óniðurgreitt smásöluverð um 48% herra en verð til bændu, nú er smásöluverð um 100% herra en verð til framleiðenda, samkvæmt verðkönnun á kartöflum í einu blaðanna nýlega.“ sagði Sveinberg Laxdal, fyrrv. formaður Félags kartöflubændu á Norðurlandi í samtali við Tímann, vegna fréttar um gifurlegar verðhækkningar á kartöflum.

„Aðal sökudólgarnir varðandi þetta háa verð til neytenda eru ríkið og verðlagsstjóri. Ríkissjóður hætti

niðurgreiðslum í maí 1984. Hlutr verðlagsstjóra er þó enn stærri, en hann ákvað á síðasta hausti að gefa heildsöluálagninguna frjálsa, þrátt fyrir mótmæli Félags kartöflubændu. Afleiðingin er líka komin í ljós — miklu herra verð til neytenda, og minna í hlut framleiðenda vegna minni sölu. Eini aðilinn sem hefur ávinning af þessu eru milliliðirnir — verslunarþátturinn í málinu sem makar krókinn.“ sagði Sveinberg.

Sveinberg hafði við hendina verð frá 1. mars 1983. Þá var verð til bændu 10,27 kr., niðurgreiðslur 5,98 kr. og smásöluverð í 5 kílóa pakkningum af 1. verðflokki 9,20 krónur á kíló. Samkvæmt því var óniðurgreitt smásöluverð 15,18 kr. á kíló, eða 48% herra en verð til framleiðenda,

sem fyrr segir.

Frá 1. des. sl. sagði Sveinberg verð til framleiðenda 23,43 kr. á kíló. Miðað við sömu hlutföll væri smásöluverðið nú um 34,65 kr. að niðurgreiðslum slepptum. Smásöluverð í búðum í Reykjavík er nú hins vegar frá 39 kr. upp í 48 kr. kíló — algengt um 42-44 kr., — eða frá 12% og upp undir 40% herra en hlutfallslegt verð 1983 sem fyrr segir, og 63-100% herra en verð til framleiðenda.

„Við vissum strax í haust að þessi hugmynd verðlagsstjóra mundi alls ekki ganga upp — hún væri hvorki til hagsbóta fyrir neytendur né heldur framleiðendur, sem varðar mestu að geta selt vöruna. Á það má benda að á þeim tæpu tveim árum sem verð á kartöflum hefur hækkað um 152% samkvæmt vísitölu höfum við framleiðendur fengið 72% hækkun, sem er heldur innanvið meðalhækkun matvælaálagninga vísitölu á sama tímabili.“ sagði Sveinberg Laxdal.

-HEI

Ávísanamisferli: Fjórir í varðhald

Sólrún Elísdóttir hefur verið dæmd í átta mánaða fangelsi vegna skjalafals og fjársvikabrot. Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar, þar sem fangelsisvistin var ákveðin. Þá hefur henni verið gert að greiða allan sakarkostnað. Dómurinn var kveðinn upp í Hæstarétti síðastliðinn þriðjudag.

Við sama tækifæri var Ólafur Kalmann Hafsteinsson dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og Sævar Hreiðarsson í fjögurra mánaða fangelsi, báðir fyrir samskonar brot og Sólrún.

Fjórir maðurinn sem hlaut dóm í Hæstarétti, fyrir ávísanamisferli var Viðar Björnsson, en Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar um sex mánaða fangelsi yfir honum.

-ES.

Kosningabaráttan Sjálfstæðisflokksins á Reykjanesi hafin:

Atvinnulausir eru lettingjar

— segir framkvæmdastjóri Voga í blaðagrein

Umfjöllun fjölmiðla um atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur verið mjög ofarlega á baugi undanfarnar vikur, enda voru 593 á atvinnuleysis-skrá þar um áramótin og hefur ekki fækkað. Rekstrarörðugleikar í sjávarútvegi mun vera höfuðástæðan fyrir því hvernig komið er. Af þessu leiðir að álag á atvinnuleysistryggingasjóð hefur verið óvenju þungt.

Í stuttri grein í Morgunblaðinu í gær skýrir Sigurður T. Gardarsson framkvæmdastjóri ástand mála þannig að um sé að kenna „leti“ þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur og „lindkind og værukærd“ þeirra sem annast greiðslu bóttanna. Grein-arhöfundur er framkvæmdastjóri Voga hf. og segist þekkja málið af eigin raun.

„Maðurinn veit ekkert hvað hann er að tala um. Það virðast vera til margir atvinnurekendur sem hafa

ekki kynnt sér framkvæmdina á greiðslu þessara atvinnuleysisbóta. Sigurður heldur að fólk geti bara gengið hér inn og fengið bætur greiddar yfir borðið. Þetta er nú aldeilis ekki þannig.“ sagði Guðrún Ólafsdóttir formaður Verkakvænnafélags Keflavíkur og Njarðvíkur.

Að sögn Guðrúnar láta atvinnulausir skrá sig hjá vinnumiðlun og fá dagpeningavottorð þar sem færðir eru atvinnuleysisdagar. Síðan er farið með þau plögg á skrifstofu verkafélagsins þar sem nefnd fer yfir þau. Ef ekkert er við gögnin að athuga þá eru bætur greiddar samkvæmt gildandi lögum.

Samkvæmt heimildum Tímans ætlar Sigurður T. Gardarsson sér sæti ofarlega á framboðslista í Sjálfstæðisflokknum í komandi sveitarstjórnarkosningum.

-SS

GLEYMUM ÞEIM EKKI

Kiwanishreyfingin á Íslandi er nú að hefja landsöfnun undir kjörorðinu **Gleymum þeim ekki** fyrir eldvarnarkerfi á Kópavogshæli, vegna hinna sorglegru atburða sem gerðust þar nýlega.

Munu Kiwanisklúbbar um land allt hafa til sölu dagbækur fyrir árið 1986 sérstaklega merktar þessari söfnun og er verð hverrar bókar 350 krónur.

Auk þess hefur hreyfingin nú þegar opnað sérstakan tékkareikning í Breiðholtsútbúi Landsbankans, Álfabakka 8 Reykjavík og þangað getur fólk komið framlögum. Númer reikningsins er 979.



Framkvæmdanefnd Kiwanishreyfingarinnar: F.v. aftari röð: Þór Ingólfsson, Sigrður Ingibergsson, Matthías Pétursson og Eyjólfur Sigurðsson. Fremri röð f.v.: Bragi Stefánsson, Evar Breiðfjörð, og Arnór Pálsson. Lengst til hægri er Björn Gestsson forstöðumaður Kópavogshælis og Ragnhildur Ingibergsdóttir tímamynd Kópavogshælisins.

Tímamynd: Árni Bjarna.



LEIKIÐ Á KJARVALSSTÖÐUM

Listahátíð unga fólksins lýkur nú um helgina en í vikunni hafa unglingar troðið upp víðsvegar um borgina með ýmis atriði. Þessi mynd var tekið á Kjarvalsstöðum í gær en þar voru nemendur Æfingadeildar Kennaraháskólans að æfa einþáttung eftir Odd Björnsson og verður hann frumsýndur á Kjarvalsstöðum kl. 20.30 í kvöld.

Tímamynd Róbert

Skipun stjórnarmanna í Granda hf.:

Borgarstjóri bað um umhugsunarfrest

— og sagðist líta á tillögu minnihlutans sem vantraust

Borgarfulltrúar minnihlutans lögðu fram tillögu á fundi borgarráðs í vikunni þess efnis að borgarráð samþykkti að borgarstjóri hefði ekki heimild til þess efnis og sér að tilnefna alla stjórnarmenn í hlutfélaginu Granda heldur heyrði það undir borgarstjórn að kjósa þá með lýðræðislegum hætti. Davíð Oddsson brást illur við og sagðist skilja tillögunu sem vantraust á sig og fór fram á frestun á afgreiðslu hennar, svo hann gæti fundið mótleik við henni.

Tillaga þessi kom til vegna þess að Félagsmálaráðuneytið treysti sér ekki til að taka afstöðu til óskar minnihlutans um umsögn á því hvort borgarstjóri hafi haft heimild til að

skipa stjórnarmennina án nokkurs samráðs við minnihlutann eða hvort borgarstjórn hafi ekki átt lögum samkvæmt að kjósa með lýðræðislegum hætti áður en fnda menn í stjórnina. Að sögn Guðrúnar Jónsdóttur, Kvænnaframbóðinu, hafi þeir hjá félagsmálaráðuneytinu talið formgalla vera á málinu, þar eð ágreiningsmálið sem sé efni óskarinnar um umsögn hafi aldrei verið borð upp í borgarkerfinu. Því hafi minnihlutinn brugðið á þetta ráð til að uppfylla þessi formskilyrði en síðan væri ætlan þeirra að snúa sér aftur til Félagsmálaráðuneytisins með niðurstöður atkvæðagreiðslu í borgarstjórn um þessa tillögu.

Mrún